

IX. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 1. MGR. 109. GR.

STARFSREGLUR GERÐARDÓMS

IX. VIÐAUKI
STARFSREGLUR GERÐARDÓMS

Almenn ákvæði

1. Að því er varðar samning þennan og 11. kafla:
 - (a) „gerðardómur“ merkir gerðardómur sem stofnaður er skv. 109. gr.,
 - (b) „samningsaðili sem ber fram kvörtun“ merkir samningsaðili sem fer fram á skipun gerðardóms skv. 109. gr., og
 - (c) „gagnaðili“ merkir samningsaðili sem kvörtun beinist gegn skv. 109. gr.

Tilkynningar

2. Allar beiðnir, tilkynningar, skriflegar greinargerðir eða önnur skjöl skulu afhent af hálfu annars hvors samningsaðila eða gerðardóms, gegn kvittun, í ábyrgðarpósti, boðsend, send í símbrefi, með fjarrita, í skeyti eða með öðrum hætti sem felur í sér að sendingin er skráð.
3. Samningsaðili skal sjá hinum samningsaðilanum og hverjum gerðardómsmanni fyrir eintaki af öllum skriflegum greinargerðum sem hann leggur fram. Eintak af viðkomandi skjali skal einnig afhent á tölvutæku formi.
4. Öllum tilkynningum skal beint til beggja samningsaðila og skulu þær afhentar báðum samningsaðilum.
5. Minni háttar misritanir í beiðnum, tilkynningum, skriflegum greinargerðum eða öðrum skjölum sem varða málsmeðferð í gerðardómi má leiðrétta með því að afhenda nýtt skjal þar sem breytingar koma skýrt fram.
6. Ef síðasta afhendingardag skjals ber upp á lögboðinn frídag hjá samningsaðila er heimilt að afhenda skjalið næsta virka dag.

Gerðardómur hefur störf

7. Komi samningsaðilar sér ekki saman um annað skal gerðardómur koma saman innan 15 daga frá þeim degi er hann var skipaður til að ákveða um þau atriði sem samningsaðilarnir eða gerðardómur telja við eiga.

Fyrsta greinargerð

8. Samningsaðili sem ber fram kvörtun skal leggja fram upphaflegu skriflegu greinargerð sína eigi síðar en 20 dögum eftir skipun gerðardóms. Gagnaðilinn skal leggja fram skriflegt andsvar sitt eigi síðar en 30 dögum eftir að upphaflega skriflega greinargerðin er afhent. Eftir að hafa kallað eftir sjónarmiðum deiluaðila þar um skal gerðardómur taka ákvörðun um hvaða frekari skriflegra greinargerða af hálfu deiluaðila skuli óskað, eða þeim sé heimilt að afhenda, og skal hann jafnframt setja tímamörk fyrir slíkar greinargerðir.

Störf gerðardóms

9. Formaður gerðardóms skal stýra öllum fundum hans.
10. Sé ekki kveðið á um annað í þessum reglum er gerðardómi heimilt að haga störfum sínum með hvaða viðeigandi hætti sem er, þ.m.t. með síma, bréfasíma eða gegnum tölvutengingar.
11. Einungis gerðardómsmönnum er heimilt að taka þátt í umfjöllun gerðardómsins.
12. Gerðardómur ber einn ábyrgð á skýrslugerð sinni.
13. Ef upp kemur vafamál varðandi málsmeðferð, sem þessar reglur skera ekki úr um, getur gerðardómur samþykkt viðeigandi málsmeðferð sem ekki brýtur í bága við þennan samning.
14. Telji gerðardómur þörf á að breyta einhverjum þeim tímafresti sem gildir við málsmeðferðina eða gera einhverjar aðrar breytingar á málsmeðferð eða framkvæmd, skal hann upplýsa samningsaðilana með skriflegum hætti um ástæðurnar fyrir breytingu eða aðlögun ásamt, að höfðu samráði við samningsaðila, ábendingu um nauðsynlegan tímafrest eða aðlögun.

Málflutningur

15. Formaðurinn ákveður dagsetningu og tíma málflutnings í samráði við samningsaðilana og aðra gerðardómsmenn. Hann skal tilkynna samningsaðilunum skriflega um dagsetningu, stund og stað málflutnings. Sé annar hvor samningsaðilinn því ekki ósammála getur gerðardómur ákveðið að enginn málflutningur verði haldinn.
16. Málflutningur skal fara fram á yferráðasvæði gagnaðila, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað. Gagnaðilinn skal annast undirbúning málsmeðferðar til lausnar deilumáli, einkum skipulagningu málflutnings, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

17. Gerðardómur getur ákveðið að málflutningur fari fram oftar en einu sinni ef samningsaðilarnir samþykkja það.
18. Allir gerðardómarar skulu vera viðstaddir málflutning.
19. Eigi síðar en fimm dögum fyrir dagsetningu málflutnings skal hvor samningsaðili afhenda lista yfir nöfn þeirra fulltrúa og ráðgjafa sem verða viðstaddir.
20. Málflutningur fyrir gerðardómi skal fara fram fyrir luktum dyrum.
21. Gerðardómur getur hvenær sem er á meðan á málflutningi stendur beint spurningum til annars hvors samningsaðilans.
22. Innan 30 daga frá málflutningnum getur hvor samningsaðili afhent skriflega viðbótargreinargerð um hvert það atriði sem upp kom við málflutninginn.

Skriflegar fyrirspurnir

23. Gerðardómur getur hvenær sem er meðan á málsmeðferðinni stendur beint skriflegum spurningum til annars hvors eða beggja samningsaðilanna. Gerðardómur skal afhenda skriflegu spurningarnar þeim samningsaðila sem þeim er beint til.
24. Samningsaðili, sem gerðardómur beinir skriflegum spurningum til, skal afhenda hinum samningsaðilanum og gerðardómi afrit af skriflegu svari. Hvor samningsaðili skal fá tækifæri til að gera skriflegar athugasemdir við svarið innan fimm daga frá því að það er afhent.

Þagnarskylda

25. Samningsaðilar skulu fara með málflutning fyrir gerðardómi sem trúnaðarmál. Hvor samningsaðili skal gæta trúnaðar að því er varðar þær upplýsingar sem hinn samningsaðilinn leggur fram í gerðardóminum, enda hafi sá síðarnefndi auðkennt þær sem trúnaðarmál. Ef samningsaðili leggur skriflegar greinargerðir sínar fyrir gerðardóm sem trúnaðarskjal skal hann einnig, að beiðni hins samningsaðilans, láta í té samantekt, sem ekki sé trúnaðarmál, með upplýsingum úr skriflegum greinargerðum sínum sem hægt væri að greina frá opinberlega, eigi síðar en 15 dögum eftir að annað hvort beiðnin eða greinargerðin er lögð fram, hvort heldur síðar verður. Ekkert í þessum reglum skal koma í veg fyrir að samningsaðili greini opinberlega frá afstöðu sinni, að því tilskildu að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til þess að gæta trúnaðar að því er varðar upplýsingagjöf hins samningsaðilans.

Einhliða samskipti

26. Gerðardómur skal ekki eiga fund með eða setja sig í samband við annan samningsaðilann í fjarveru hins.
27. Hvorugum samningsaðila er heimilt að hafa samband við einhvern gerðardómsmanna vegna deilumálsins að hinum samningsaðilanum eða öðrum gerðardómsmönnum fjarstöddum.
28. Engum gerðardómara er heimilt að ræða atriði sem lúta að viðfangsefni málsmeðferðar við annan eða báða samningsaðilana í fjarveru hinna gerðardómaranna.

Vinnutungumál

29. Málsmeðferð til lausnar deilumáls skal vera á ensku.
30. Skriflegar greinargerðir, gögn, munnleg rök eða kynningar sem fram koma við málflutninginn, frumskýrsla og lokaskýrsla gerðardóms, auk allra annarra skriflegra eða munnlegra samskipta milli samningsaðilanna og gerðardóms skulu vera á vinnutungumálinu.

Tímaútreikningur

31. Ef eitthvað ber að gera samkvæmt þessum samningi eða samkvæmt þessum reglum eða þurfi gerðardómur að fá eitthvað gert, innan tiltekins fjölda daga eftir, á undan, eða á tilteknum degi eða viðburði, skal hinn tiltekni dagur eða sá dagur þegar hinn tiltekni viðburður á sér stað ekki tekinn með í útreikningi á þeim dagafjölda.